

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014,
verslunar- og þjónustusvæði V15, Melstað.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. febrúar 2013 breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 sem samþykkt var í sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. nóvember 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 5. desember 2012.

Í breytingunni felst að opnu svæði til sérstakra nota er breytt í verslunar- og þjónustusvæði V15 1,2 ha að stærð og það einkennt með tákni á uppdrætti.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 25. febrúar 2013.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2013